

# Fundargerð 23. fundar

## stjórnar Samtaka orkusveitarfélaga

Árið 2016, þriðjudaginn 19. janúar kl. 11:00 kom stjórn Samtaka orkusveitarfélaga saman til fundar í Allsherjarbúð, Borgartúni 30 í Reykjavík.

Fundinn sátu: Gunnar Þorgeirsson, Jón Óskar Pétursson og Árni Eiríksson. Í símasambandi voru Stefán Bogi Sveinsson, Sigrún Hauksdóttir og Bryndís Gunnlaugsdóttir Holm.

Að auki sat fundinn: Valur Rafn Halldórsson sem ritaði fundargerð.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

### 1. Fundargerðir orkusveitarfélaga 2012-2015 - 1302006SA

Lögð fram fundargerð 22. fundar frá 27. október 2015.

*Til kynningar.*

### 2. Ársreikningur 2015 - 1601003SO

Lagður fram ársreikningur Samtaka orkusveitarfélaga fyrir árið 2015 áritaður af reikningshaldara.

*Ákveðið að útbúa tillögu að breyttu fyrirkomulagi árgjalda og leggja fyrir á næsta aðalfundi.*

*Samþykkt að vísa ársreikningnum til kynningar hjá aðildarsveitarfélögum, sbr. ákvæði í 2. mgr. 12 gr. laga Samtaka orkusveitarfélaga, og til skoðunar hjá kjörnum skoðunarmönnum. Starfsmanni falið að taka saman minnisblað um starfsemi samtakanna árið 2015 og verkefni ársins 2016 og senda með ársreikningnum. Afgreiðslu frestað.*

### 3. Sameiginlegur fundur Samorku, sambandsins og Samtaka orkusveitarfélaga - 1511002SO

Lagt fram minnisblað, dags. 4. nóvember 2015, af fundi samtakanna með fulltrúum Samorku og Sambands íslenskra sveitarfélaga.

*Til kynningar.*

### 4. Fundur með verkefnisstjórn um rammaáætlun - 1512001SO

Lagt fram minnisblað, dags. 2. desember 2015, af fundi sem formaður og starfsmaður áttu með verkefnisstjórn um rammaáætlun.

*Formanni falið að útbúa erindi til að senda á verkefnisstjórn um rammaáætlun.*

## 5. Samræmd lóðarafmörkun - 1512002SO

Lagt fram erindi frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, dags. 8. janúar 2016, þar sem óskað er eftir álitum samtakanna á samræmdri lóðaafmörkun.

*Stjórn Samtaka orkusveitarfélaga hefur ekki athugasemdir við þá nálgun sem lagt er upp með um að allar þær framkvæmdir sem eru framkvæmdaleyfisskyldar séu skilgreindar innan lóða og að allt það landsvæði sem raskast vegna framkvæmda orkufyrirtækja innan viðkomandi sveitarfélags, verði skilgreint innan lóðar.*

Bryndís Gunnlaugsdóttir, tilkynnti að þetta væri seinasti fundur hennar í stjórn Samtaka orkusveitarfélaga þar sem hún er að hætta í bæjarstjórn Grindavíkurbæjar. Þakkaði hún fyrir samstarfið á liðnum árum og óskaði stjórn velfarnaðar í störfum sínum.

Stjórn Samtaka orkusveitarfélaga þakkar Bryndísi innilega fyrir samstarfið og sérstaklega fyrir ötulit starf í þágu orkusveitarfélaga á liðnum árum.

Fundi var slitið kl. 12:30